



**20.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga haldinn í Hveragerði 5.október 2016 kl. 8:15.**

Mætt: Ari Björn Thorarensen, Sveinn Steinarsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Arna Ír Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð í tölvu.

**1. Fjárhagsáætlun Brunavarna Árneseyslu.**

Pétur Pétursson slökkviliðsstjóri og Auðunn Guðjónsson endurskoðandi frá KPMG koma inn á fundinn. Pétur fer yfir rekstaráætlun og sjóðsstreymisýfirlit fyrir árið 2017. Óskað er eftir að fjölga um 1 stöðugildi í eldvarnareftirliti. Gríðarleg aukning er í eldvarnareftirliti í sýslunni vegna mikillar uppbyggingar í ferðaþjónustu. Umræður um greiðslur frá Landsvirkjun vegna byggingar slökkvistöðvar í Árnesei. Í fjárhagsáætlun er lagt til að þær verði lagðar inn á bók en ekki settar inn í reksturinn, þar sem greiðslur frá Landsvirkjun berast hraðar en afborganir af láni sem tekið var til framkvæmdarinnar.

**2. Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árneseinga.**

Sveinn lagði fram fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns fyrir árið 2017. Um er að ræða 8,3% launahækkun. Litlar breytingar á milli ára að öðru leyti.

**3. Dagskrá haustfundar Héraðsnefndar Árneseinga.**

Fundurinn verður haldinn á Flúðum 11.-12. október nk. Lokahönd lögð á dagskránnu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:50.

Arna Ír Gunnarsdóttir (sign)

Sveinn Steinarsson (sign)

Ari Björn Thorarensen (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir (sign)

Halldóra Hörleifsdóttir (sign)